

Heiti verkefnis: GERT –verkefnið í Garðaskóla**Styrkþegar:** Garðaskóli Garðabæ**Verkefnisstjóri:** Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi**Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

GERT verkefnið - Grunnmenntun efld í raunvísindum og tækni er heiti aðgerðaáætlunar Samtaka iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Markmiðið með GERT verkefninu í Garðaskóla er auk þess sem hér var nefnt, að efla sýn nemenda á þeim fjölbreyttum störfum sem unnin eru innan þeirra fyrirtækja sem eru aðilar að GERT verkefninu. Einnig að opna augu nemenda fyrir tengslum starfa við nám bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og brúa það bil sem er milli núverandi stöðu og framtíðarþarfa nemenda og vinnumarkaðar.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Í janúar 2016 hófst skipulagning verkefnisins. Verkefnisstjóri myndaði tengsl við fyrirtæki innan GERT og kom á samstarfi sem ætlað var að útfæra í maí/júní 2016. Áveðið var að hafa þrjá starfsfræðsludaga fyrir 10. bekk á vordögum, tveir dagar færu í heimsóknir og þriðja daginn yrðu vinnustofur í Garðaskóla með fjölbreyttum kynningum tengdum námi og störfum.

Nemendur völdu sér þrjú fyrirtæki til að heimsækja og þá fengu allir nemendur að heimsækja Tækniskólann – skóla atvinnulífsins. Í alls voru því heimsóknirnar fjórar á hvern nemanda en 16 fyrirtæki og stofnanir tóku þátt í verkefninu með okkur. Val nemenda fór fram í Námfúsi og voru heimsóknir skráðar á tvo heila daga. Markmið með vali nemenda var fyrst og fremst að þeir gætu valið eftir áhuga innan þess ramma sem GERT verkefnið stendur fyrir.

Alls voru heimsóknirnar 26 á höfuðborgarsvæðinu og dreifðust á 151 nemanda í 10.bekk. Einn til tveir starfsmenn fylgdu hverjum hópi í rútum eða með öðrum hætti þegar það átti við. Tveir starfsmenn sáu um skipulagningu verkefnisins þegar líða tók á framkvæmd, námsráðgjafi og deildarstjóri 10.bekkja.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Umfang verkefnisins var ífið meira en gert var ráð fyrir í byrjun þar sem að mörgu þurfti að hyggja til þess að svo stórt verkefni gengi upp. Vinna sem ætluð var samhliða öðrum störfum námsráðgjafa og deildarstjóra varð töluvert umfram skilgreindan vinnutíma. Í heild gekk

verkefnið afar vel og var innan þess kostnaðarramma sem lagt var upp með í byrjun og samstarf við fyrirtækin og verkefnastjórn GERT gekk að sama skapi mjög vel.

Mat á verkefninu

Til að meta enn frekar ávinning af GERT dögum var lagður fyrir matslisti þar sem nemendur voru beðnir um að lýsa upplifun sinni á hverri heimsókn fyrir sig og hugsanlegum lærdómi sem heimsóknunum fylgdi. Þegar dregin eru saman svör nemenda má finna almenna ánægju með heimsóknirnar og að þeirra mati var fróðlegt að sjá og upplifa hvað fyrirtækin standa fyrir og hvaða leiðir starfsmenn hafa farið í átt að mismunandi störfum, sá þáttur virtist standa upp úr hjá megin þorra nemenda. Einnig virtust heimsóknirar opna augu nemenda fyrir ólíkum leiðum í námi og höfðu margir orð á því hvað starfsemi fyrirtækjanna hafi komið þeim á óvart. Örfáir nemendur virtust ekki sjá neinn tilgang með þessum heimsóknum og voru neikvæðir í umsögnum. Þá virtust heimsóknir einstakra fyrirtækja ekki falla í kramið hjá nemendum og er samhljóm að finna í þeim efnum þ.e. að heimsóknirnar stóðust ekki væntingar nemenda.

Við munum nýta okkur umsagnir nemenda og mat þeirra starfsmanna sem fylgdu hópunum í samvinnu við verkefnastjóra GERT til að gera gott samstarf við fyrirtækin enn betra og skilvirkara og finna enn frekar út hvað hentar best þessum aldurshópi og skoða hvað gekk vel og hvað mætti betur fara.

Augljóst er að með styrkveitingunni gátum við boðið upp á fleiri heimsóknir á hvern nemanda þar sem ferðir til og frá skóla er stærsta hindrunin sem verður á vegi okkar. Við erum með mikinn fjölda nemenda í hverjum árgangi og erfitt að nýta almenningssamgöngur þegar þarf að ná yfir stærri svæði líkt og kom í ljós með staðsetningu fyrirtækjanna. GERT verkefnið hefði aldrei orðið að veruleika með þessum markvissa hætti ef ekki hefði fengist styrkur til verkefnisins og með því færum við starfsfræðsluna enn frekar nær nemendum og leyfum þeim að upplifa á eigin skinni tengsl við nám og störf sem er mikilvægur þáttur í starfsfræðslu til unglinga. Einnig fá nemendur innsýn í fjölbreytta starfshætti ólíkra fyrirtækja og jafnvel ná að spegla sjálfan sig og máta sem gæti haft áhrif á væntanlega ákvörðunartöku hvað varðar nám og störf í framtíðinni.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Þátttaka í GERT verkefninu hefur skilað skólanum mikilvægu tengslaneti sem nýtist okkur á marga vegu. Mun auðveldara er að komast að hjá fyrirtækjum þegar við leitum eftir samstarfi þegar GERT verkefnið er tilgreint. Nemendur hafa notið góðs af þeim heimsóknum sem komið hafa í skólann á vegum GERT þvert á alla árganga.

Á vörfundum GERT héldu fulltrúar frá Garðaskóla og Norðlingaskóla kynningu fyrir aðra skóla sem eru þátttakendur í GERT. Ljóst er að Garðaskóli hefur með þátttöku í verkefninu og framkvæmd þess sýnt ákveðið frumkvæði í útfærslu á stóru verkefni sem getur reynst erfitt fyrir skóla af þessari stærðargráðu og með það að markmiði að auka samstarf á milli atvinnulífs og

skóla sem hefur um langa hríð verið erfitt í framkvæmd, frá báðum hliðum séð. Umsögn frá verkefnastjóra GERT sem hér fylgir með gefur skýrt til kynna hversu vel okkur í Garðaskóla hefur tekist að hrinda verkefninu af stað og fundið leiðir sem hentar okkar skóla.

Okkur hefur enn fremur tekist að færa starfsfræðsluna til nemenda með skilvirkari hætti þ.e. út fyrir vegg skólans og opnað augu þeirra fyrir margbreytileika þeirra starfa sem unnin eru í atvinnulífinu. Mikilvægt er að nemendur fái að upplifa sjálfir tengslin á milli námsvals og möguleika á fjölbreyttum störfum þar sem það eykur starfsvitund þeirra og innsýn í þær fjölmörgu leiðir sem standa þeim til boða bæði í námi og starfi í framtíðinni.

Ráðstöfun styrks: Heildarupphæð styrks: 370.000

Laun	0
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	0
Gögn – rútukostnaður	369.741,-

15. júní 2016

Fh. Garðaskóla

Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi
Verkefnastjóri GERT í Garðaskóla

Auður Sigurðardóttir
Skólastjóri Garðaskóla
GARÐABÆ

GERT

Efni: Umsagnarbréf fyrir þátttöku Garðaskóla í Gert verkefninu.

Það má með sanni segja að Garðaskóli hefur verið í fararbroddi meðal þáttökuskóla Gert verkefnisins. Garðaskóli hefur tekið virkan þátt í að móta verkefnið og verið framúrskarandi fyrirmynd fyrir nýja þáttökuskóla sem hafa verið að koma inn í verkefnið á þessu skólaári.

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Garðaskóla hefur sýnt mikið frumkvæði og staðið sig frábærlega í skipulagningu og framkvæmdum viðburða tengdu Gert verkefninu. Þar að auki hefur hún tekið þátt í að kynna verkefnið bæði á Degi náms- og starfsráðgjafa og einnig á vorfundi GERT. En það að kynna verkefnið fyrir sem flestum er forsenda þess að það vaxi og dafni. Eftir kynningarnar jókst umferð á vefsíðu verkefnisins til muna og fleiri umsóknir um þátttöku í verkefninu komu í kjölfarið.

Garðaskóli hefur nýtt sér tengiliði og samstarfsfyrirtæki verkefnisins einkum vel, en í fyrirtækjaheimsóknum fá nemendur að kynnast fjölbreytni atvinnulífsins, fjölda mismunandi starfa og þeim fjölbreyttu námsleiðum sem starfsmenn fyrirtækjanna hafa tekið að sínum stöðum.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum er hægt að ná í mig í S: 696-6746 eða gert@si.is

Virðingarfyllt,

Halla Kristín Guðfinnsdóttir, verkefnisstjóri GERT

GERT

MENNTA OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
SAMTOK IÐNADARINS

Garðabær 8. mars 2016

Garðaskóli

Viðbótarupplýsingar um GERT verkefnið vegna umsóknar um styrk.

Staða verkefnisins í Garðaskóla

Sl. mánuðir hafa farið í að mynda tengsl við fyrirtæki innan GERT en nú hafa mun fleiri fyrirtæki hoppað á vagninn. Námsráðgjafi í Garðaskóla og verkefnastjóri GERT eru í reglulegu sambandi um næstu skref og hefur starf Garðaskóla vakið athygli hjá öðrum skólum.

Mái 2015. Garðaskóli fékk viðurkenningu frá GERT þar sem skólanum er þakkað framlag til þess að efla áhuga á raunvísindum og tækni.

Í júní 2015 tókst okkur í Garðaskóla að senda alla 455 nemendur skólans í starfskynningar. Foreldrar tóku virkan þátt í verkefninu en GERT tengslin gerðu okkur kleift að bjóða einnig upp á hópkyrningar á þessum dögum og sendum við um 40 nemendur í kynningar á vegum GERT.

Október 2015. Garðaskóli var fenginn til að kynna verkefnið ásamt aðilum frá GERT á Degi náms- og starfsráðgjafa á haustmánuðum.

Desember 2015. Í desember héldum við Starfamessu þar sem nemendur kynntu sér nám og störf forráðamanna og einnig fengum við aðila frá GERT verkefninu til að vera með starfskynningar á Starfamessunni. Allir árgangar nutu góðs af þessu verkefni.

Apríl 2016. Garðaskóli mun kynna verkefnið á ársfundi GERT sem haldinn verður í apríl 2016. Þar verða fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitafélaga, Mennta- og menningamálaráðuneytinu og Samtökum iðnaðarins sem standa að stofnun og þróun GERT.

Júní 2016. Eins og staðan er núna þá erum við komin með tengingu við 16 fyrirtæki auk þess sem gott samstarf er orðið við Tækniskóla Íslands. Tíu fyrirtæki ásamt Tækniskólanum munu taka á móti hópi nemenda í 10. bekk í júní 2016. Nemendur velja sér tvær til þrjár fyrirtækjaheimsóknir og 160 nemendur taka því þátt í GERT verkefninu á vordögum. Styrkur sl. árs mun fara í útlagðan kostnað vegna rútuferða fyrir nemendur.

Júní 2016. Heimsóknir frá GERT. Nemendur úr HÍ með kynningar.

Ávinningur

Þátttaka í GERT verkefninu hefur skilað skólanum góðu tengslaneti sem nýtist okkur á marga vegu. Mun auðveldara er að komast að hjá fyrirtækjum þegar við sækjum um samstarf þegar GERT verkefnið er tilgreint. Nemendur hafa notið góðs af þeim heimsóknum sem komið hafa í skólann og er sjónum nú sérstaklega beint að 10. bekk í vor. Með því að svo mörg fyrirtæki geta tekið á móti 160 nemendum þá geta nemendur valið sér fyrirtækjaheimsóknir eftir áhugasviði og því má segja að heimsóknir verða markvissari og skilvirkari fyrir vikið. Á starfsfræðsludögum bjóðum við til okkar aðilum frá GERT samstarfinu og fá nemendur aukna innsýn í nám í framhaldsskóla og nám í háskóla sem síðan tengist mismunandi störfum. Markmiðið er að auka sýn nemenda á fjölbreyttu námi, bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og að nemendur geti tengt nám á mismunandi stigum við störf í framtíðinni.

Að lokum

Erfitt hefur verið að halda úti GERT verkefninu til fulls þar sem ferðakostnaður nemenda í fyrirtækjaheimsóknir er stærsti en jafnframt eini útgjaldaliðurinn. Ferðir með almenningssamgöngum hafa ekki nýst sem skyldi þar sem mikill tími fer í að ferja hópa á milli staða og tekur þ.a.l. mikinn tíma frá hefðbundnu skólastarfi og einnig þar sem ekki er um bekkjarkennslu að ræða. Þá er staðsetning fyrirtækjanna með þeim hætti að langt er að sækja sumar heimsóknir og erfiðara að stóla á almenningssamgöngur. Styrkur síðasta árs var því kærkominn viðbót við þróun verkefnisins og gerir okkur kleift að taka á fullum krafti þátt í GERT á vordögum. Það er von okkar að við getum haldið áfram að þróa spennandi starfsfræðsluverkefni sem hefur bein tengsl við atvinnulífið en kostnaður við ferðir verða okkur alltaf fjötur um fót.

Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi Garðaskóla

Umsjónarmaður GERT í Garðaskóla